



HVERFIÐ MITT

Hverfið mitt

Heiða Jack, verkefnastjóri á skrifstofu framkvæmda og viðhalds
Guðný Bára Jónsdóttir, sérfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu



Reykjavík



Fjöldi verkefna

Árið 2023 voru kosin 62 verkefni. Hluti þeirra kemur til framkvæmda á árinu 2024.

Vegna breytingar á fjárhagsáætlun mun hluti verkefna vera framkvæmd á árinu 2025.

Heildarfjöldi kosinna verkefna frá upphafi er 960.



Ferill hugmyndar fyrir kosningar

- Verkefni eru forhönnuð fyrir kosningu og hefst verkhönnun að kosningu lokinni.
- Verkefnið skiptist í hverfahluta, austur og vestur og vinna verkefnastjórar með sithvoru hönnunarteyminu.
- Í ár er unnið með Mannvit og Hornsteinum arkitektum í austri og VSÓ og Hornsteinum arkitektum í vestri.
- Samstarfsaðilar eru valdir skv. innkaupareglum borgarinnar.



Tímalína Hverfið mitt

Hugmyndasöfnun

22. sept 2022 til
27. okt 2022

**Yfirferð hugmynda
og kostnaðarmat**
nóvember 2022 -
mars 2023

Valkostum stillt upp á kjörseðil

3. apríl 2023- 31. ágúst 2023

**Frumhönnun
hugmynda**
maí 2023

Kosning í Hverfið mitt
14. september-28.
september 2023

Undirbúningur framkvæmda

október 2023 til mars 2024

Framkvæmdir
apríl 2024 til ágúst 2025




Ferill hugmynda eftir kosningar

- Í verkhönnun fara teymin í vettvangsferðir og rætt við alla sem hugsanlega gætu verið hagaðilar að verkefninu, m.a. Skrifstofa borgarlands, Veitur, íbúa, íbúaráð, menningar- og íþróttasvið, hugmyndahöfunda, íþróttafélög o.fl. Hugmyndin er þá hönnuð, ásamt magntöku og kostnaðaráætlun.
- Þá er verkefnum skipt upp í útboðspakka eftir eðli og umfangi verkefna, t.d. "Leiktæki og yfirborð", "Ærslabelgir". Einstaka verkefni fara ekki í útboðspakka heldur eru unnin sér t.d. "Jóllaland í Laugardalnum".
- Þegar verkhönnun lýkur fer allt efni til nánari rýni (hönnunarteikningar, magntaka og kostnaðaráætlun). Ýmsir aðilar rýna, t.d. íbúaráða, Skrifstofu borgarlands, verkeftirlit, aðgengisfulltrúi, Samgönguskrifstofa, Skrifstofa umhverfisgæða o.fl. eftir því sem við á.
- Að lokum er hönnunar- og útboðsgögn leiðrétt m.t.t. rýni og verkin sett í útboð.



Reykjavík



Samráð við hugmyndahöfunda

- Stór hluti af verkhönnun er samráð við hugmyndahöfunda.
- Er öllum hugmyndahöfundum boðið á samráðsfund með verkefnastjórum og hönnunarteymi þar sem rætt er um útfærslu hugmyndarinnar.
- Samráðsfundir fóru fram 17. og 18. október 2023.
 - 21 hugmyndahöfundur bókaði sig á fund.
 - Aðrir sendu tölvupóst, óskuðu frekar eftir símtali eða afþökkuðu.
 - Símafundir fóru fram 26. október 2023.
- Í einhverjum tilfellum þarf að hafa frekara samráð og er það gert eftir þörfum.



Tímalína Hverfið mitt – eftir kosningu

